

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1928.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefir fylgt sömu starfsháttum eins og að undanfögnu við athugun fjárlagafrv. Lagt alla áherslu á að flýta störfum, þó ekki fram yfir það, að rækileg rannsókn hafi ekki verið framkvæmd þar, sem rannsóknarvert þótti. Sjerstaklega var það þó athugað, er nefndinni þótti áður hafa orðið útundan og ekki náð því að samræmast þeim breyttu kringumstæðum, er orðið hafa síðan byltingatímarnir gengu yfir. Má þar nefna laun verkafólks við opinberar stofnanir. Hefir nefndin haft mikið starf. Samhliða ýmsum athugunum hafa henni borist um 250 erindi, sem eins og líklegt má þykja mjög hafa tekið upp tíma hennar. Og enn hefir það tafið starfið, að hún hefir fengið fjölda heim-sókna, eins og æfinlega hefir átt sjer stað.

Þegar nefndin leit yfir fjárlagafrumvarpið og erindi þau, sem fyrir henni lágu, og bar það saman við útlit yfirstandandi tíma, varð það alt til þess að marka greinilega þá stefnu, er nefndin ætti að taka, sem sje þá, að vinna eindregið og samhuga að því að takmarka útgjöld rikissjóðs.

Allir þessir leiðarvísar urðu að ástæðum. Fjárlagafrumvarpið þoldi ekki að setja inn í það nýja útgjaldaliði nema lækka annarsstaðar, einkum þegar lækka þurfti tekjurnar. Fjárbeidnirnar voru svo takmarkalausar, að þar varð ekkert úrræði annað en ganga fram hjá þeim að nær öllu leyti. Og loks varð fjárhagsútlitið til þess að setja stimpil sinn á þessa stefnu nefndarinnar, því fjárlög með tekjuhalla taldi hún ekki rjett að þingið afgreiddi.

Breytingartillögur nefndarinnar miðast því við þessa stefnu, og vill hún æskja þess og vona, að hv. þingdeild fylgi henni í þessum góða ásetningi.

Niðurstaða af breytingartillögum nefndarinnar er þannig:

Tekjuafgangur frv.	kr. 103091,67
Lækkunartillögur nefndarinnar	— 143030,00
	Samtals kr. 246121,67
Hækkunartill. nefnd.	kr. 188608,00
Lækkuð tekjuáætl.	— 50000,00
	— 238608,00
Tekjuafgangur	kr. 7513,67

TEKJUBÁLKURINN.

Það er álit fjárveitinganefndar eins og að undanfögnu, að aðalstyrkur öruggtrar fjármálastjórnar liggi í gætilegri áætlun fjárlaganna, sjerstaklega tekjuhliðarinnar. Nefndin hefir því enn viljað rannsaka eftir föngum tekjuáætlunina að þessu leyti. Niðurstaða hennar hefir orðið sú, að leggja til, að lækk-
aður verði einn líður, vineinkasala, um 50 þús. kr.

Þó að nefndin hafi ekki gert fleiri breytingar, telur hún þó dálítið vafasamt um öryggi einstakra liða, sjerstaklega tekju- og eignarskattsins. Aftur á móti telur nefndin, að ugglaus vinningur sje á ýmsum liðum, svo að í heild sje áætlunin ekki óvarleg með þeirri breytingu, sem nefndin gerir. Hvað viðvikur tekju- og eignarskattinum, þá má segja um hann eins og flesta skatta rikissjóðs, að ómögulegt sje að færa rök að því til hlitar, hver útkoma skattsins verður. Þó er því svo varið um hann frekar en marga aðra skatta, að yfirstandandi útlit, eða útlitið á þessu ári, sem skatturinn byggist á, gefur nokkra hugmynd um útkomu hans að því leyti, sem það verður ráðið. Nú dylst engum, að útlitið er óglæsilegt, ef ekki ræðst betur úr en á horfist, og því má naumast betur verða en skatturinn nái þessari áætludu upphæð. Ófært sýndist annað en lækka véneinkasöluna, þar sem síðastliðið ár hefir orðið tekjuminna en búist var við og sama útlit á yfirstandandi ári. Þó má lita á það, að þar sem véneinkasalan liggur nú með miklar birgðir, verði innflutningur litill á þessu ári, en lendi aftur meiri á árinu 1928, og þar af leiðandi komi inn mikill tollur á því ári. En þrátt fyrir þetta telur nefndin ekki varlegt annað en lækka þennan lið, eins og áður segir, einkum líka þegar til þess er litið, að innheimta við verslun þessa sýnist vera í megnu ólagi.

GJALDABÁLKURINN.

10. gr.

Þar er lagt til, að niður falli til sendiherra Íslands í Kaupmannahöfn:

Laun	kr. 20000
Húsaleiga	— 5000
Kostnaður við embættið ...	— 20000
Samtals ...	kr. 45000

Verður hjer ekki frekari grein gerð fyrir tillögu þessari, en biður framsögu.

Rikisráðskostnaður þykir nefndinni fullhár og leggur til, að hann lækki um 2000 kr. Eftir því, sem nefndin þekkir best til, er það litið starf, sem fje þetta er greitt fyrir, og virðist vera vel launað með 4000 kr.

11. gr.

Nefndin leggur til, að »annar kostnaður« við hæstarjett lækki um 3000 kr. Samkvæmt lögum nr. 37, 4. júní 1924, um breyting á lögum um hæstarjett, er ákveðið, að þóknun til hæstarjettarritara skuli ákveðin í fjárlögum. Nefndin hefir borið sig saman við stjórnina nm þetta atriði og orðið ásátt um, að þóknun þessi sje hæfilega ákveðin 2500 kr. Aðrar greiðslur samkvæmt þessum lið virðast ekki þurfa að fara fram úr 2500 kr., og sje því liðurinn hæfilega áætlaður með 5000 kr.

Skrifstofukostnaður sýslumanna og bæjarfógeta er í núgildandi fjárlögum 92000 kr. Var hann allmikið hækkaður á síðasta þingi. Nú hefir stjórnin lagt til, að hann verði 100000 kr. Færir hún þá ástæðu fyrir hækkuninni, að

störf þessara embættismanna aukist stöðugt og sje því ekki fært annað en hækka liðinn.

Nefndin fjeck upplýsingar um, að hækking þessi væri sjerstaklega miðuð við Vestmannaeyjar og Ísafjörð, þó ef til vill væri nokkur þörf að bæta víðar upp. — Á þessum nefndu stöðum hefðu störfin aukist frekar en annarsstaðar, og einkanlega þó í Vestmannaeyjum, sem liggur í því, að umsjón á leigulóðum ríkissjóðs þar í Eyjum hefir verið í ólagi, er þarf að ráða bót á, og þess utan mikil ný lóðaútmæling til ræktunar. Eykur þetta allmjög störf sýslumannsins. Nefndin áleit þó, eftir því sem hún kynti sjer þetta og aukna erfiðleika á hinum stöðunum, að nægja mundi til sæmilegrar uppbótar 4000 kr., og lækkar því liðinn um þá upphæð, eða niður í 96000 kr.

Þar sem nú er að verða að lögum í þinginu frumvarp til laga um uppkvaðning dóma og úrskurða, sem hefir í för með sjer talsverðan sparnað í því efni, telur nefndin tiltækilegt að lækka liðinn »borgun til setu og vara-dómara« um 1000 kr., úr 6000 kr. niður í 5000 kr.

Þá vill nefndin beina þeirri áskorun til stjórnarinnar að fá metna upp húsaleigu hjá bæjarfógeta og lögreglustjóra, og ennfremur að fá annarsstaðar setta niður húsaleigu ríkisins, sem virðist vera ósanngjarnlega há.

12. gr.

Nefndin hefir rannsakað launakjör starfsfólks í sjúkrahúsum ríkisins: Holdsveikaspítalanum, Kleppi og Vífilsstöðum. Álitur hún, að laun starfsfólksins sjeu mjög há og ólík því, sem annarsstaðar á sjer stað á búum. Hafa launin ekkert lækkað undanfarið, að því er sjeð verður, og eru því í mesta ósamræmi við annað verðlag. Vill nefndin leggja ríka áherslu á það, að stjórnin geri sjer far um að fylgjast með í þessari kaupgreiðslu og koma henni í sem mest samræmi við annað verðlag. Leggur nefndin til, að þessir liðir sjeu lækkaðir þannig:

Á holdsveikraspítalanum	um kr.	1260.00
- Kleppi	— -	500.00
- Vífilsstöðum	— -	4000.00

Væntir nefndin þess, að enn frekari lækkun geti þó átt sjer stað á árinu 1928.

Framlagið til sjúkraskýla og læknabústaða leggur nefndin til, að hækki um 7000 kr. Liggur þessi hækking í því, að sumum þessum sjúkraskýlum, sem á árinu sem leið höfðu lokið við byggingar sínar, ýmist að nýju eða viðbætur, varð ekki greiddur hinn venjulegi styrkur að fullu, og reikningar þeirra ekki fullgerðir fyr en á þessu ári.

Greiðsluheimildin í fjárlögum 1926 hrökk þá ekki til, og upphæðin í núgildandi fjárlögum er ætluð sjúkrahúsinu á Siglufirði, sem væntanlega verður bygt á þessu ári. — Einnig má gera ráð fyrir, að nýtt sjúkraskýli og læknisbústaður verði bygður í Hofsóshjaraði á árinu 1928.

Kostnaður þessi skiftist þannig niður:

Til sjúkraskýlisins á Hvammstanga	kr.	7000.00
— —»— - Hjaltastað	-	5000.00
— —»— - Norðfirði	-	4000.00
— —»— - Hofsósi	-	11000.00
	Samtals	kr. 27000.00

Enn má geta þess, að í fleiri læknahjeruðum eru óbygð sjúkraskýli, sem þegar hefir verið gerð teikning af, og máské nokkur frekari undirbúningur, en nefndin litur svo á, að hvergi sje þó undirbúningnum svo langt komið, að sjeð verði, að þau verði bygð á árinu 1928.

Nefndinni hefir borist erindi frá Heilsuhælisfjelagi Norðurlands, þar sem það fer fram á að fá 56000 kr. lokastyrk til byggingar heilsuhælisins, gegn jöfnu framlagi annarsstaðar frá.

Nefndin viðurkennir, að síðasta þing hafi gefið fyrirheit um styrk þennan, þar sem þá lá fyrir ákveðin áætlun um byggingarkostnaðinn. Nú er byggingin það á veg komin, að fullvist má telja, að henni verði að öllu lokið í næstkomandi septembermánuði. Leggur nefndin því til, að þessi lokastyrkur verði veittur.

13. gr.

Nefndin leggur til, að hækkað verði tillag til akfærra sýsluvega um 10 þús. kr. Byggist þessi hækking á því, að hvaðanæfa eru háværar kröfur um fje til vegagerðar á sýsluvegum, svo eru 5 þús. kr. af fje þessu ætlaðar til ákveðins vegarkafla sem aukatillag. Vegarspotti þessi er frá Vatnshorni í Vesturhópi í Húnavatnssýslu að hreppamörkum milli Kirkjubvamms- og Þverárhreppa. Hann er tengilina milli sýsluvegarins í Þverárhreppi og Þjóðveggarins, sem nú liggur um svo nefndan Múlaveg hjá Vatnshorni.

Vegarspotti þessi er $4\frac{1}{2}$ km. á lengd og áætlaður að kosti um 18 þús. kr. Ber ríkissjóði að greiða þar af helminginn, eða 9 þús. kr. Hinn helminginn, 9 þús. kr., leggur vegamálastjóri til, að ríkissjóður greiði 5 þús. kr. og sýslusjóður 4 þús. kr.

Vegur þessi, sem liggur í Kirkjubvammshreppi, er sýsluvegur, en aðeins 1 býli í þeim hreppi, er gæti haft not vegarins. Sá hreppur leggur því ekki fje í þennan veg til að gera hann akfæran, en aftur á móti er þessi kaflí hindrun fyrir Þverárhrepp að komast á Þjóðveginn. Og þegar þess er gætt, að Þverárhreppur verður að bera uppi að sínum hluta 100 þús. kr. dýran sýsluveg austan Vatnshesfjalls, þar sem búa aðeins um 200 menn, þá sýnist það vera óhæfu ranglæti að leggja þess utan á hann ósanngiarnar byrðar.

Nefndin fellst því á tillögur vegamálastjóra, að ríkissjóður leggi 5000 kr. aukatillag til þessa vegarkafla.

Þá leggur nefndin til, að styrkurinn til vöruflutninga austur yfir Hellisheiði verði einungis veittur til þess að halda uppi vetrarferðum.

Bendir vegamálastjóri rjettilega á það, að samkepní sje orðin svo mikil um flutninga austur að sumarlagi og flutningsgjöld svipuð, að ekki sje veruleg ástæða að styrkja einn fremur öðrum. Aftur á móti telur hann nú tima-

bært að snúa sjer að vetrarferðunum, þar sem fyrirhugað sje að halda leiðinni yfir Hellisheiði færri bifreiðum. Hinsvegar sje enn lítil flutningur og ábættusamt að halda uppi reglubundnum ferðum að vetrinum.

Athugasemdin við liðinn D. II. er sett eftir ósk Forbergs sál. landsímastjóra. Vildi hann tryggja það, að fult samkomulag næðist við hlutaðeigandi hjeruð um framlag til símalagninganna, með því að láta þær vera bundnar því skilyrði. Er nefndin þessu fyllilega samþykk.

Bæjarsímakerfin á Akureyri, Siglufirði og Ísafirði heyra ekki undir kostnaðinn við ritsímastöðvarnar á þessum stöðum, heldur er kostnaðurinn við þau innifalinn í liðnum D. V., »viðbót og viðhald stöðvanna«. Því er lagt til, að þetta falli niður.

Persónuleg launaviðbót til Jónasar Eyvindssonar og Gróu Dalhoff er sett eftir ósk Forbergs sál. landssímastjóra. Hafa þau starfað við símann í 20 ár samfleytt, eða alla tíð frá því hann tók til starfa. Gat nefndin því frekar gengið inn á þetta, þar sem launakjör þessara starfsmanna hafa alltaf verið lág og hún vissi jafnframt, að þetta myndi verða einhver síðasta ósk þessa merka starfsmanns landsins.

Nefndin leggur til, að niður sje felt framlag til Hornstrandavitans. Jafnvel þó nefndinni sje það ljóst, hve mikilsvert það er fyrir siglingar með ströndum landsins, að sem víðast verði bygðir vitar, þá varð það þó niðurstaða hennar, þegar nauður rak til að fresta nauðsynlegum framkvæmdum vegna iskyggilegs sjárhags, að slá á frest þessari vitabyggingu. Hjer kom einnig til greina sú stóra ástæða, að nú er mjög að ryðja sjer til rúms meðal annara þjóða ný tegund vita, hinir svo nefndu radio-vitar, sem taldir eru að hafa mikla yfirburði og gagnsemi fram yfir þá vita, er við nú höfum. Ætlast nefndin til þess, að í framtíðinni, þegar reynslan hefir enn frekar staðfest það álit, sem nú er á vitum þessum, og sjárhagurinn jafnframt leyfir, að þessari nýju vitategund verði sýndur maklegur stuðningur í sjárframlögum, jafnframt því sem aðrir nýir vitar verði bygðir eftir föngum.

Vitamálastjóri hefir sarið fram á það við nefndina að hækka liðinn til leiðarljósá um 5000 kr. Er ástæðan til þess sú, að þar sem hann telur mesta þörf fyrir leiðarljós, á Kópsnesi við Grindavík, kosti það 14—15 þús. kr. Nefndin fellst á þessar tillögur vitamálastjóra. Viðvikjandi rekstrarkostnaði vitanna vill nefndin taka það fram, að eftir upplýsingum frá vitamálastjóra munu alls ekki nægja þær 80 þús. kr., er frumvarpið gerir ráð fyrir. Telur vitamálastjóri, að kostnaður þessi verði ekki innan við 110 þús. með sama fyrirkomulagi og nú er. Þessi gífurlegi kostnaður álitur nefndin, að liggi í úthaldi þess skips, er notað er til flutninga á efni til vitanna. Vill nefndin beina því til stjórnarinnar, að hún athugi þetta fyrirkomulag og fái því breytt í ódýrara horf, og í von um, að það takist, leggur nefndin ekki til að hækka liðinn til rekstrarkostnaðar vitanna.

14. gr.

Eins og að undanfögnu lágu fyrir nefndinni tillögur frá biskupi um styrk til húsabóta á prestssetrum, og ennfremur fjekk nefndin munnlegar til-

lögur biskups nú, vegna breyttrar aðstöðu. Nefnir biskup einkum til fimm prestssetur, sem mjög bráðlega þurfi að húsa: Ofanleiti í Vestmannaeyjum, Hofteig á Jökuldal, Kvennabrekku í Dölum, Háls í Fnjóskadal og Laufás við Eyjafjörð, og áætlað 8 þús. kr. til hvers, auk 5 þús. kr. prestakallaláns. Ennfremur telur hann fram þjú prestssetur, sem áður hafa fengið styrk, en kostnaður við húsin hefir orðið svo mikill, að nauðsynlegt er að bæta við. Eru staðirnir þessir: Staður í Steingrímsfirði, Mosfell í Grímsnesi og Skeggjastaðir í Norður-Múlasýslu. Áætlað biskup 4000 kr. í stað. — Nefndin treysti sjer ekki til að bera fram tillögu um hækkun þá á styrknum, sem nauðsynleg hefði verið til að fullnægja öllum þessum þörfum á næsta ári. En ef bætt yrði við þrem hinum fyrst töldu af prestssetrunum, sem húsa þarf að nýju og þörfin kallar allra mest að, og bætt við hin samkvæmt tillögu biskups, lætur sú upphæð mjög nærri þeim 35 þús. kr., sem veittar eru í frumvarpinu. Við þá tillögu vill nefndin halda sjer. — Loks skal það tekið fram, að biskup ljét svo um mælt, að framlögum ríkissjóðs til húsabóta á prestssetrum, í svipuðum stíl og nú hefir verið um hrið, ætti að geta verið lokið á 3—4 árum.

Fyrir 25 árum voru sett lög um, að umsjón og fjárhald nokkurra landssjóðskirkna skuli fengið hlutaðeigandi söfnuðum í hendur. Meðal þeirra var Langholtskirkja í Meðallandi, og var þá gert ráð fyrir, að ríkissjóður greiddi söfnuðinum 3200 kr. álag á kirkjuna. Ekki varð þó úr því, að kirkjan yrði afhent, og er Langholtskirkja nú önnur af tveim landssjóðskirkjum, sem eftir eru í Skaftafellssýslum. — Ber söfnuðurinn nú fram kröfu um ofn og orgel í kirkjuna. Myndi hvorttveggja ekki kosta undir 1200 kr. og vart hægt að neita. Þá hvilir og endurbyggingarskyldan á ríkissjóði, eins og stendur, en vel getur svo farið, að þá og þegar verði að flytja kirkjuna vegna bættu bæði af vötnum og sandfoki. Hinsvegar hefir söfnuðurinn gert kost á að taka við umsjón og fjárhaldi kirkjunnar, með 5—6 þús. kr. álagi. Virðist nefndinni einsætt að taka hinn síðari kostinn, enda eru það og tillögur biskups og kirkjumálaráðherra. Leggur nefndin til, að veittar sjeu 5000 kr. í þessu skyni.

Nefndinni bærust mjög margar umsóknir um námsstyrki, en treysti sjer ekki til að sinna neinni þeirra. Í samræmi við það leggur nefndin til, að feldur sje niður binn sjerstaki námsstyrkur til Markúsar Kristjánssonar.

Skólastjóri kennaraskólans lagði það til mjög fastlega, að aftur yrði farið að veita nokkurn styrk til vörnámsskeiða við kennaraskólann fyrir barnakennara. Var veitt fje til þeirra námsskeiða árlega áður, en befir fallið niður síðustu árin. Kenslukrafta þarf enga að kaupa að vegna námsskeiða þessara. Styrkurinn gengur mestallur til þeirra, sem námsskeiðin sækja. Leggur nefndin til, að 1500 kr. sjeu veittar í þessu skyni.

Í frv. leggur stjórnin til, að verið sje nokkrum þúsundum króna af liðnum »ýmíslæg gjöld« til að endurreisa fjárhús á bændaskólanum á Hólum, og er nefndin samþykk þeirri fjárveitingu. En eftir að frv. var samið æskti skólastjórinn á Hvanneyri samskonar fjárveitingar til að stækka fjósið og reisa nýja hlöðu. Er fjóspakið orðið ónýtt og kostar skólastjórinn aðgerð á því, sem annað viðhald, en jafnframt er fjósið orðið altöf litið, vegna stækkandi búis, og má í því sambandi geta þess, að skólastjórinn hefir mjög merkilega bætt

kúakynið á skólabúinu, en nú sem stendur er ekki einu sinni rúm fyrir full-orðnu kýrnar í fjósinu. Jafnframt er hlöðurúmið orðið altöf lítið. Er það ekki til fyrirmyndar á bændaskóla, að undanfarin ár hefir orðið að hafa mörg hundruð hesta af heyi úti, undir torfi. Áætlun um stækkun fjóssins og hina nýju hlöðu, frá húsameistara ríkisins, fylgdi umsókninni og hljóðar upp á 18 þús. kr. Leggur nefndin til, að helmingurinn, 9 þús. kr., sje nú veittur, en hitt biði næsta árs, og sje liðurinn »ýmislæg gjöld« hækkaður sem því nemur.

Nefndin varð ásátt um að hlynna meir en áður að húsmæðrafræðslunni í landinu, því að hún álitur, að á því sviði sje um að ræða einhverja hina þörfustu fræðslustarfsemi. Bera eftirfarandi tillögur vott um þessa stefnu nefndarinnar. — 1) Nefndin leggur til, að 6000 kr. styrknr sje veittur til raf-lýsingar kvennaskólanum á Blönduósi. Getur sá skóli sjer hið besta orð ár-lega, enda aðsókn að honum sívaxandi og kenslukraftar ágætir. Reynist hið nýja fyrirkomulag skólans þryðilega. Er nefndinni mjög kært að leggja til, að styrkur sje veittur til að gera skólahúsið hjartara og vistlegra. — 2) Þá vill nefndin leggja til, að styrkurinn til kvenfjelagsins Óskar á Ísafirði sje hækkaður úr 3000 í 5000 kr. Hefir fjelagið haldið uppi húsmæðraskóla undanfarin ár, sem hefir getið sjer hið besta orð. Hann hefir fengið nokkurn styrk frá bæjarsjóði Ísafjarðar og fjelagið sjálf lagt fram mikið sje vegna skólahaldsins, en engu að síður hafa skólagjöldin orðið að vera óeðlilega há. — 3) Þá lá fyrir nefndinni erindi frá kvenfjelagi Suður-Þingeyinga um styrk til að reisa húsmæðraskóla á Litlu-Laugum í Reykjadal, og yrði sá skóli húsmæðradeild við alþýðuskóla Þingeyinga. Hefir fjelagið hafið fjársöfnun til skólastofnunarinnar. Er aðstaða á þessum stað hin allra besta, svo sem alkunnugt er, enda ætti húsmæðradeildin kost á aðstöðu til ræktunar á landi og skilyrði hin allra bestu til garðræktar við laugarnar. Það virðist og í alla staði mjög heppilegt að hafa báða þessa skóla á einum stað. Lá áætlun fyrir nefndinni frá Jóhanni Fr. Kristjánssyni húsameistara. Leggur meiri hluti nefndarinnar til, að veittur sje byggingarstyrkur til þessa skóla í sömu hlutföllum sem til hjeraðsskólanna, alt að 11 þús. kr.

Orðalagi liðsins »til að reisa barnaskóla utan kaupstaða« vill nefndin breyta samkvæmt tillögu fræðslumálastjóra. Sendi hann nefndinni skýrslu um umsóknir til þessa, komnar og væntanlegar. Væri, eftir þeim að dæma, að visu þörf fyrir allmiklu hærri fjárveitingu en er í frv., en nefndin treysti sjer ekki til að bera fram tillögu um það.

Aftur á móti virðist nefndinni með öllu óhjákvæmilegt að hækka liðinn til unglingskóla utan Reykjavíkur, Akureyrar og Hafnarfjarðar. Hinn myndarlegi og mjög sótti alþýðuskóli Þingeyinga hefir bæst við, og unglingskólinn á Ísafirði hefir orðið of hart úti um styrk. Fræðslumálastjóri leggur til, að veittar sjeu 50 þús. kr. Nefndin treystir sjer ekki til að fara herra en að hækka styrkinn úr 38 þús. kr. í 45 þús. kr.

Síðari málgreinin um dauðdumbraskólann hefir óvart prentast með frá því í fyrra. Húsið, sem um er talað, er þegar reist.

15. gr.

Færeyjafjelagið »Grimur Kamban«, nýlega stofnað, vill vinna að því að »efla menningarsamband Færeyinga og Íslendinga« og sækir um ríkisstyrk til þess. Taldi nefndin meir um það vert, að Alþingi viðurkendi starf fjelagsins með því að veita því nokkurn styrk heldur en hitt, að sú upphæð væri sjerlega há.

Dr. Jón Stefánsson hefir enn á ný sótt um nokkurn fjárstyrk til útgáfu sögu Íslands, er hann ritar á ensku, í þetta sinn einkum til þess að geta lagt í þann kostnað að hafa alt að 200 myndir í bókinni. Fanst nefndinni sem dr. J. St. hafi enn sem fyr gert myndarlega grein fyrir máli sínu í brjefi til forsætisráðherra og að það »að kynna Ísland og Íslendinga málsmetandi mönnum í Bretaveldi sje þarfara og hafi meiri þýðingu fyrir alla afstöðu Íslands í heiminum en að kynna landið nokkurri annari þjóð«, og leggur því til, að veittar sjeu í þessu skyni 1500 kr.

Samkvæmt ósk dómsmálaráðherra leggur meiri hluti nefndarinnar það til nú, að styrkurinn til skálda og listamanna megi að nokkru bítast niður í 500 kr. til hvers, en í fyrra var ákveðið 1000 kr. lágmark. Jafnframt leggur nefndin áherslu á, að Jakob Thorarensen og Stefán frá Hvitadal fái sama styrk og áður.

Veðurathugunarstöðina telur nefndin rjettara að flytja í 16. gr. og leggur jafnframt til, að fjárveiting til hennar sje sundurliðuð, samkvæmt tillögum forstöðumanns, að óbreyttri niðurstöðu.

16. gr.

Fjánhagsnefnd búnaðarþingsins kom á fund nefndarinnar og átti tal við atvinnumálaráðherra og nefndina um fjárveitingu til Búnaðarfjlags Íslands, bæði á yfirstandandi ári og næsta. Var gerð grein fyrir starfsemi fjelagsins í einstökum liðum og óskað nokkurrar hækkunar. Með tilliti til hins erfíða fjárhagsútlits annarsvegar og hins, að Búnaðarfjelag Íslands átti allverulega fúlgu í sjóði um síðustu áramót, treysti nefndin sjer ekki til að hækka fjárveitinguna, en leggur til, að hún haldist eins og er í frv.

Það varð að ráði að fresta til 3. umr. að gera grein fyrir tillögum um fjárveitingu til sandgræðslunnar.

Liðinn til dýralækninganáms erlendis telur nefndin fært að fella niður. Lýkur sá prófi í ár, sem notið hefir styrksins undanfarið, og nefndin taldi enga þörf á að halda slíkri styrkveitingu áfram.

Í frv. er styrkurinn til Fiskifjlagsins lækkaður um 5 þús. kr. frá því sem var í fyrra. Kom forseti fjelagsins á fund nefndarinnar og taldi lækkun þessa mjög bagalega fyrir starfsemi fjelagsins. Fjellst nefndin á ástæður hans og leggur til, að styrkurinn verði ákveðinn sami og í fyrra.

Laun sildar-, ullar- og kjötmatsmanna hafa misprentast í frv. Eru þar aðeins talin laun eins.

Þrjár umsóknir bárust nefndinni um styrk til bryggjgerðar og lend-

ingarbóta, með hinum venjulegu skilyrðum, að $\frac{2}{3}$ kostnaðar komi annarsstaðar frá. Allar umsóknirnar virtust vera rjettmætar. 1) Frá Breiðdalsvík til bryggjugarðar. Hefir þar hver bryggjan eftir aðra laskast af vetrarbrimum, vegna þess að þær hafa allar verið af vanefnum gerðar. Nú er áformað að reisa vandaða bryggju, sem áætlað er, að kosti a. m. k. 6000 kr. — 2) Var veittur í fyrra 3000 kr. byrjunarstyrkur til bryggjugarðar í Búðardal. Áætlað vegamálastjóri, að bryggjan muni kosta a. m. k. 26000 kr., en hún er hið mesta nauðsynjafyrirtæki og verður lokið við bana sennilega á þessu ári. Vantar þá allt að 6000 kr. til viðbótar þar. — 3) Loks voru veittar í fyrra 13 þús. kr. til bryggjugarðar í Lambhússundi á Akranesi, og vantar þó enn 1000 kr. til að þriðjungsframlag sje komið frá ríkinu á móti því, sem kaupúnið hefir lagt fram. Hefir þessi bryggjugarð nú þegar reynst hin þarfasta, jafnvel fram yfir bestu vonir, svo að telja má nálega víst, að eftirleiðis geti Akurnesingar gert út heiman að frá sjer um vetrarvertiðina, en hingað til hafa þeir orðið að leita burt. En einmitt þessa vegna er nú ráðið að lengja enn hina nýju bryggju, og er þriðjungur kostnaðar við þetta áætlaður 6000 kr. Gerir nefndin því ráð fyrir, að alls þurfi að veita til þessa liðs: $2000 + 6000 + 1000 + 6000 = 15$ þús. kr., og leggur til, að liðurinn sje lækkaður um 5 þús. kr. — En jafnframt vill nefndin bera fram tillögu um sjerstaka fjárveitingu til að dýpka Snepilrásina við Stokkseyri. Hafa áður verið veittar til þess 10 þús. kr., en af þeim hafa ekki verið notaðar nema 4600. Eru þá eftir 5400 kr., sem óskað er endurveitingar á. Ennfremur er þess óskað, að ekki sje krafist nema helmingsframlags á móti, annarsvegar vegna þess, að einn aðalþátttakandi í kostnaði (Ingólfur) getur ekki greitt þann styrk, sem honum var ætlað að greiða, og hinsvegar vegna þess, að kostnaðurinn verður hlutfallslega meiri við sprengingarnar þegar dýpkar. Fellst nefndin á, eftir atvikum, að bera þessa tillögu fram. — Í þessu sambandi vill nefndin beina því til landsstjórnarinnar, út af því, að styrkur til hafnarbóta í Ólafsvík er veittur án þess að krafist sje nokkurs framlags á móti, að hún gangi eftir því, að þorpsbúar komi á hjá sjer lendingarsamþykkt samkvæmt lögum nr. 86, 14. nóv. 1917, 7. gr.

Enn einu sinni hefir hreppsnefnd Hólshrepps orðið að leita til Alþingis um styrk til brimbrjótsins í Bolungarvík. Reynist ófullnægjandi það, sem enn hefir verið gert, enda vafasamt, að það, sem bygt hefir verið, standi til frambúðar nema meira verði aðhafst. Er nú brotið upp á því ráði að kaupa steinnökkva einn mikinn og koma honum fyrir við enda garðsins. Hefir þetta verið borið undir vitamálastjóra, sem telur, að þetta »sje langsamlega ódýrasta og tryggasta leiðin til að binda enda á þetta vandræðamál«. Áætlað hreppsnefndin, að kostnaður af þessu verði 70 þús. kr., en vitamálastjóri áætlað allmiklu hærra. Er farið fram á helming kostnaðar úr ríkissjóði. Verður fjárveitinganefnd að lita svo á, að þó að svo væri að orði kveðið af hennar hálfu í hitteðfyrra um leið og lagt var til að gefa eftir lán vegna brimbrjótsins, að það væri lokastyrkur, og þó að enn væri veittur viðbótarstyrkur í fyrra, þá sje um svo mikið nauðsynjamál að ræða, og ennfremur hafi þorpsbúar lagt á sig svo miklar byrðar í þessu skyni, að enn verði að teljast rjett að styrkja

þetta fyrirtæki. Leggur nefndin til, að veittar verði nú 20 þús. kr., en beinir því jafnframt mjög ákveðið til landsstjórnarinnar, að fult eftirlit verði haft með framkvæmd verksins.

Mjólkurniðursuðuverksmiðjan Mjöll í Borgarfirði er nú aftur tekin til starfa og er í nügildandi fjárlögum styrkt með 2 kr. fyrir hvern kassa mjólkur, sem hún framleiðir, alt að 8000 kr. Leggur nefndin til, að þessi liður verði aftur tekinn í fjárlögin, $\frac{1}{4}$ lægri en áður.

Styrkurinn til kvenfjelagsins í Vik í Mýrdal til heimilisíðnaðarkenslu, hefir verið lækkaður um $\frac{1}{4}$. Þar sem nefndin annarsvegar telur, að þessi starfsemi muni hafa verið styrks mætavel makleg og hinsvegar mun það tilætlunin að færa út kvíarnar, með því að bæta við vefnaðarnámsskeiði, vill nefndin hækka styrkinn aftur í sama og var.

Jón Sívertsen verslunarskólastjóri sótti um 3000 kr. utanfararstyrk til þess að kynna sjer nútímafyrirkomulag og starfrækslu erlendra kaupþinga, og fylgdu þeirri umsókn eindregin meðmæli verslunarráðsins. Verður nefndin að fallast á, að allmikil nauðsyn væri á, að stofnað yrði hjer fullkomnara kaupþing en sá visir, sem verslunarráðið hefir komið á fót, bæði vegna afurðasöluunnar og eigi síður vegna sölu og kaupa á hlutabryfum og verðbryfum. Vill nefndin leggja til, að veittar verði 2000 kr. í þessu skyni, fremur en til að greiða kostnað af simskeytum um markaðsverð og horfur, sem fremur virðist eiga að koma til greina síðar, eftir að kaupþingið væri stofnað.

Silfurbergsnéman í Helgustaðafjalli hefir ekki reynst rikissjóði nein fjepúfa hin síðari árin. Má sjá útkomuna meðal annars af landsreikningum 1925, bls. 91—92. Hafa allar vonir brugðist um árangur af þeim ráðstöfunum, sem gerðar voru með ráði forstöðumanns um ný námugöng o. fl. Verður nefndin að vera fjármálaráðuneytinu sammála um, að engin von sje um, að náman endurgreiði 70 þús. kr. lánið, sem tekið var til hennar. Leggur nefndin eindregið til, að hætt sje alveg þessari framleiðslu, og það þegar á þessu ári. Vill nefndin því fella alveg niður fjárveitingu til forstöðu námunnar og leggur til, að landsstjórnin fái sjer einhverja aðstoð við sölu á því silfurbergi, sem til er, og ælti sá óverulegi kostnaður, sem af því hlytist, að geta borgast af söluverði silfurbergsins.

Tvivegis áður, að undangenginni rannsókn og fenginni áætlun, hefir Alþingi veitt styrk, þriðjung kostnaðar, til þess að gera fossa laxgenga. Nú hefir Búnaðarsamband Austurlands sótt um slíkan styrk til þess að gera Lagarfoss laxgengan. Eftir rannsókn hins þýska vatnafræðings verður það að teljast vist, að fá mætti lax til að ganga í Lagarfjót, ef fossinn yrði gerður laxgengur, og vegamálastjóri hefir áætlað kostnað við það 10 þús. kr. Þar sem um er að ræða möguleika til að bæta lífsskilyrði í mjög stóru hjeraði, vill nefndin, með áður settum skilyrðum, veita til þessa alt að 3000 kr.

Framlag rikissjóðs til að gera skipulagsupprætti fyrir bæi og sjávarþorp vill nefndin leggja til, að verði lækkað um 2000 kr., enda verði þá ekki unnið meira en sem því svarar, en annað látið biða.

Tvær umsóknir lágu fyrir nefndinni um utanfararstyrk til flugnáms,

en nefndin treysti sjer ekki til að taka neinn einstakan mann upp á sína arma til þessa. Hinsvegar telur nefndin rjett, að landsstjórnin megi ráða yfir og ráðstafa nokkurri upphæð i þessu skyni, því að á þessu sviði telur nefndin vist, að einhverjar framkvæmdir verði að hefja hjer á landi sem fyrst.

Alkunnugt er, að bátæigendur á Stokkseyri urðu fyrir mjög tilfinnanlegu tjóni vegna brunans 9.—10. des. síðastl. Var tjónið metið á 37½ þús. kr. En þó stóðu þessir menn mjög höllum fæti áður. Frá Fiskifjelaginu hafa þeir fengið 5 þús. kr. styrk, og í janúar síðastliðnum veitti landsstjórnin þeim 10 þús. kr. lán úr viðlagasjóði. Sækir hreppsnefndin um eftirgjöf á því láni. Verður meiri hluti nefndarinnar, eftir atvikum, að fallast á að bera fram þá tillögu.

Í sambandi við fjárveitinguna til framhalds landmælinga vill nefndin beina því til landssjórnarinnar, að hún taki til athugunar, hvort ekki geti komið til greina, að innlendir menn geti int það starf af bendi.

17.—18 gr.

Styrkurinn til bindindisstarfsemi er lækkaður i frv. um 1000 kr. frá því í fyrra. Vill nefndin hækka hann aftur i sama og er nú og um leið breyta orðalagi liðsins samkvæmt ósk stórstúkunnar.

Um hina einstöku styrki í 18. gr. þykir ekki ástæða að fjölyrða. Sigvaldi Stefánsson læknir hefir nú fengið veitingu fyrir læknishjæði, og endist heilsa hans vonandi til að þjóna því. — Ekkjum Ólafs læknis Gunnarssonar, sjera Pjeturs Jónssonar á Kálfafellsstað og Þorvalds Arasonar póstafgreiðslumanns á Viðimýri telur nefndin sjálfsgat að veita styrk, sambærilegan við aðra. — Nefndin leggur til, að tveim uppgjafaprestum sje veitt sú viðbót við lögmælt eftirlaun, að þau verði 1000 kr. hjá hvorum. — Póstmeistari mælti með, að þeim þrem póstum, sem nefndin ber fram tillögur um, yrði veittur eftirlaunastyrkur. Fleiri umsóknir bárust til nefndarinnar, en hlutadeigendur höfðu ekki verið svo lengi í opinberri þjónustu, að póstmestari gæti mælt með eftirlaunum, og fjellst nefndin á það. — Kennarar heimspekideildar háskólans og forseti Bókmentafjclagsins báru fram erindi um það, að Einari Benediktssyni skáldi yrðu veitt árleg skáldalaun, »er ekki sjeu lægri en hæstu laun háskólakennara, og sje heimilað að greiða þau einnig fyrir árið, sem nú er að liða«. Leggur nefndin til, að honum sjeu ákveðin 4000 kr. skáldlaun, með dýrtíðaruppbót, og er því samþykk fyrir sitt leyti, að þau laun, sem Alþingi kann nú að samþykkja að greiða, verði einnig greidd á yfirstandandi ári. — Ekkja Magnúsar Vigfússonar dyravarðar hefir undanfarið fengið greidda fyrir sig leigu i Landsbankahúsinu samkvæmt ádrætti, sem henni var veittur um það af fyrverandi forsætisráðherra (S. E.), er hún flutti úr dyravarðarhúsinu. Nú verður sú húsaleiga ekki lengur greidd, og samkvæmt tillögu núverandi forsætisráðherra leggur nefndin til, að styrkurinn til hennar sje hækkaður um 200 kr. — Þrem ljósmæðrum, sem allar hafa gegnt ljósmóðurstörfum i meira en hálfan fjórða tug ara, vill nefndin veita ellistyrk. Fleiri beiðn-

ir slíkar höfðu borist, en þar var um svo stuttan þjónustualdur að ræða, að ekki þótti ástæða til að sinna umsóknunum.

Alþingi, 22. mars 1927.

Þorleifur Jónsson, formaður.	Tryggvi Þórhallsson, fundaskr. og frsm. síðari hluta.	Þórarinn Jónsson, frsm. fyrri hluta.	
Jón Sigurðsson.	Pjetur Ottesen.	Ing. Bjarnarson.	Magnús Torfason.